



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2026

ÍSAN1GC05

Íslenska sem annað tungumál

Kennari:	Sigprúður Harðardóttir
----------	------------------------

Áfangalýsing:

Viðbótaráfangi í íslensku á 1. þrepi fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (Skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og grunnþætti íslenskrar málfræði.

Undanfari: ÍSAN1GB05. Þeir nemendur sem ekki hafa náð einkunninni 7 í ÍSAN1GB05 taka þennan áfanga áður en þeir fara upp á 2. þrep.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokki og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum.
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta (fréttir, sögur)
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

- **Námsefni:**
- Verkefnablöð frá kennara
- Hitt og þetta (námsefni frá MMS)
- Fréttir, blaðagreinar og annað efni af vef
- Menntamálastofnun – léttlestrarbækur og vinnubækur
- Hlustun og áhorf (af vef RUV o.fl.)

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
8. janúar- 30.janúar	✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun ✓ Tónlistar- og textaverkefni ✓ Hlustun og áhorf	Hlustunarverkefni Ritunarverkefni Munnleg kynning Lesskilningspróf
2. febrúar - 6.mars	✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun ✓ Hlustun og áhorf ✓ Dagbókarskrif og önnur ritun ✓ Málfræðiverkefni	Munnlegt próf Hlustunarverkefni Ritunarverkefni
9. mars – 10.apríl	✓ Áhugasviðsverkefni. Lesið efni og unnin kynning, skrifleg og munnleg á viðfangsefni sem tengist áhugasviði nemanda. ✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun ✓ Skáldsaga (léttlestur) og verkefni	Hlustunarverkefni Ritunarverkefni Munnleg kynning Lesskilningspróf
13.apríl - 13.maí	✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun ✓ Hlustun og áhorf ✓ Dagbókarskrif og önnur ritun ✓ Málfræðiverkefni	Munnlegt próf Málfræðipróf Hlustunarpróf

Sérreglur áfangans: Ekkert lokapróf er úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum námsþáttum og próf eftir atvikum. Námsmat fer fram alla önnina.

Námsmat (skilaverkefni):

Talað mál og hlustun: 20%

Lesskilningur: 30%

Ritun: 20%

Málfræði 10%

Skilaverkefni - *Áhugasviðsverkefni*: 10%

Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, janúar 2026

Sigprúður Harðardóttir